



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1429*  
*komudagur 20.4.2005*

Reykjavík 19. apríl 2005.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.

Markmiðið með tillögunni er að setja fram stefnumótun fyrir ferðamál á Íslandi og stuðla að hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla í greininni. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar mun samgönguráðherra láta vinna aðgerða- og framkvæmdaáætlun fyrir ferðamál í landinu.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1454  
komudagur 20.4.2004

## Tillaga til þingsályktunar um ferðamál

Meginmarkmið í ferðamálum 2006-2015  
Pskj. 1032 – 678. mál - Apríl 2005

### UMSÖGN

Ég, undirrituð, sendi hér umsögn mína um ofangreinda þingsályktunartillögu. Umsögnin tekur mið af störfum mínum við ferðapjónustu frá árinu 1951, reyndar ekki samfellt. Ég varð snemma lostin þeirri hugmynd að ferðapjónustustörf hlytu að byggjast mikið á mannlegum samskiptum og þeirri staðreynd að kaupendur þjónustunnar geta ekki skilað aftur þeirri þjónustu sem þeir greiða fyrir fyrirfram, en upplifa síðan eftirá. Þess vegna hefur fagmennska í íslenskri ferðapjónustu lengi verið mér ofarlega í huga.

Fyrsta reynsla mín af ferðapjónustustarfi var vinna í gestamóttöku sumarið 1951 og síðan nám fyrir verðandi leiðsögumenn vorið 1965 og aftur 1969. Leiðsögunámið var á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins undir stjórn Vigdísar Finnbogadóttur. Ég vann síðan nær daglega við leiðsögu ferðamanna í u.þ.b. 15 ár og annaðist einnig skipulagningu á leiðsögunámi í 26 ár, frá 1976 til 2002. Hugsjónin um fagmennsku í íslenskri ferðapjónustu er enn til staðar.. nú í apríl 2005... og leyfi mér því að senda um það...

### NOKKRAR HUGLEIÐINGAR.

1. **Fagmennska.** Með tilliti til ofanritaðs finnst mér ánægjulegt að lesa hversu oft er tekið fram í tillögunni að með henni eigi að leggja áherslu á menntun og fagmennsku við þróun íslenskra ferðamála. Sjá nánar:

Bls. 1. *Aðaltexti* (gr. 1).

Bls. 3. *Efst=Gæða og öryggismál* (gr. 5)

Bls. 6. *Menntun taki mið af og þróist...*

Bls. 1. *Kynningarmál* (gr. 1).

Bls. 4. *(lína 16, 22 og 23 að ofan).*

Bls. 7. *Gæða- og öryggismál. Markmið.*

Mér sýnist að ofangreindar áherslur myndu verða íslenskri ferðapjónustu til framdráttar. Ég vil þó ekki láta hjá líða að vekja sérstaka athygli á mikilvægi leiðsögustarfs í landkynningu almennt. Fagleg leiðsaga ferðafólks er afar mikilvæg landkynning þótt hún sé ekki í formi heilsíðu auglýsinga í lit eða sem prentaðir litbæklingar. Leiðsögustarfið fer fram með aðferðinni "maður-á-mann". Þar skiptir miklu máli nálægð leiðsögumannsins við ferðamanninn og sú fræðsla sem leiðsögumaðurinn miðlar til hans um land og þjóð. Einnig, og oft ekki síður, framkoma leiðsögumanns og bílstjóra í ferðinni (þegar það á við), svo og klæðnaður og viðmót. Skilningur, mat og kröfur ferðamannanna eru ekki alltaf þær sömu hjá öllum farþegum innan sama hópsins, t.d. ef hann er "blandaður". Þær fara eftir þjóðerni hvers og eins, menntun, siðum, trúarbrögðum o.m.fl. Leiðsögustarfið er því enginn barnaleikur.

Mig langar einnig að benda á eftirtalda þætti í ofangreindri tillögu á þskj.1032:

2. **Menntun** (bls. 2). Greinar 2 og 3. Góðar ef af verður í reynd. Ekki hefur verið hægt að treysta á að sá grunnur, sem nemendur hafa hingað til fengið á leið til stúdentsprófs í íslenskum framhaldsskólum, sé einn og sér nægjanlegur til að afgreiða ferðamenn eða leiðbeina þeim, hvorki íslenskum né erlendum. Það segir mér sú reynsla sem ég hef af starfi mínu við Leiðsöguskóla Íslands. Ekki má taka þetta sem neikvæðni, svo er alls ekki, aðeins vinsamleg ábending sett fram af góðum hug. Ég hef litið á Leiðsöguskóla Íslands sem "sérskóla" þar sem nemendur í fyrsta lagi tileinka sér ákveðinn sértækan fróðleik um Ísland og í öðru lagi þjálfast sig í að miðla þeim fróðleik til gesta sinna á því erlenda tungumáli sem gesturinn hefur beðið um (eða keypt hjá söluaðilanum). Annað er í raun "vöru"-svik.

Það er algjörlega óraunhæft, a.m.k. eins og nú standa sakir, að íslenskir unglingar, sem enn eru í framhaldsskóla, hafi þroska eða undirstöðumenntun til að afgreiða erlenda ferðamenn, hvorki hvað viðkemur tungumálakunnáttu, almennum og einföldum fróðleik um land og þjóð, framkomu o.fl. nema hugsanlega í mjög einföldum verkefnum. Þetta kann að þykja stór orð, en eru því miður staðreynd, nema í fáeinum undantekningatilfellum. Ég get ekki mælt með að vinna í framlínu ferðapjónustu sé unnin sem eins konar “unglingavinna” þó að umgengni við útlendinga geti sannarlega verið góð og lærdómsrík reynsla og upplifun fyrir ungling. Með öðrum orðum: Markvisst nám fyrir væntanleg framlínustörf í ferðapjónustu er algjör forsenda. Ég hef oft hugsað að ef ætlunin er að gefa nemendum í slíku “starfsnámi” tækifæri til að fá innsýn í störf á gististöðum, matslustöðum, upplýsinga-miðstöðvum o.fl. væri kannske ráð að þeir væru þá með ákveðin merki í barminum eða á brjóstinu til að sýna að viðkomandi sé í slíku kynningarnámi. Ferðamenn líta þá allt öðru vísi á málið, ef eitthvað fer úrskaiðis, og eru jafnvel reiðubúnir og hafa jafnvel ánægju af að leiðbeina viðkomandi “nemanda”.

**3. Gæða- og öryggismál (bls.3) Gr. 1=** Ég skil þetta þannig t.d. hvað snertir íslenska leiðsögumenn að aðeins faglærðir leiðsögumenn fái “rekstrar”-leyfi (starfsleyfi, starfsréttindi) eða opinbera viðurkenningu til slíkra starfa og geti t.d. sýnt það með barmmerki, þ.e. málmmerki sínu (“logo”). Aðrir megi því ekki nota það “logo”. Nú er svo komið að stór hluti þeirra einstaklinga sem vinna sem leiðsögumenn hér á landi, annað hvort á vegum löggiltra ferðaskrifstofa eða vinna sem slíkir á eigin vegum, hafa ekki faglega leiðsögumenntun. Það gengur þvert á þá verkreglu og hugsjón sem höfð var að leiðarljósi í Leiðsöguskóla Íslands. Ég tel að ef þessi tillaga til þingsályktunar verður samþykkt muni verða auðveldara að koma í veg fyrir slík mistök, ekki eingöngu í leiðsögumálum heldur einnig á öðrum starfssviðum innan ferðapjónustunnar. Oft er talað um að góð starfsmenntun sé auður íslensku þjóðarinnar. Það er aðeins rétt EF faglega starfsmenntað fólk nýtur forgöngu í þau störf sem um er að ræða.

**4. Umhverfismál, bls. 3 (gr. 1).** Algjörlega sammála að gera verði ferðamönnum góða grein fyrir ábyrgð þeirra varðandi verndun umhverfisins, en spurningin er HVERNIG? Það er minni vandi þegar útlendingar eru í fylgd íslenskra leiðsögumanna eða annarra heimamanna. En hvernig er það framkvæmanlegt þegar svo er ekki? Ferðum á eigin vegum fjölga ört. Fyrir u.þ.b. 25 árum lét Ferðamálaráð Íslands taka saman leiðbeiningar fyrir erlenda ferðamenn um akstur og umgengi. Bæklingurinn var á mörgum erlendum tungumálum, en vandamálið var að enginn taldi sig eiga eða geta dreift honum til ferðamannanna. Nauðsynlegt er að hafa allar slíkar upplýsingar aðgengilegar ferðamönnum, bæði erlendum og íslenskum, bæði hvað snertir náttúruvernd, öryggismál, umferðarreglur, akstur í byggð og óbyggðum, á vegum sem utan vega, yfir óbrúaðar ár o.s.frv. Hreinlæti (t.d. ekki tæma ferðabílasalerni eða ruslafötur í hreinar og tærar íslenskar ár, ekki kveikja bál á grónu landi o.m.m.fl.). Því miður fer það í vöxt.

Röskun á lítt eða ósnortnu víðerni á Íslandi hefur mikið verið í umræðunni allra síðustu ár. Lítið hefur heyrst frá ráða-“mönnum” í ferðapjónustunni þó að öllum hljóti að vera ljóst að einmitt slíkt landslag er ofarlega á óskaiista hjá mörgu ferðafólki. Sumir telja að ef rétt verði haldið á málum verði slíkt landslag efst á óskalista æ fleiri ferðamanna í framtíðinni. Staður eða landsvæði sem getur státað af hrikalegri náttúru, hefur ekki verið troðið niður og skemmt af umferð farartækja, fjöldaferðamennsku eða öðru raski og á þar af leiðandi fáa sína líka í öllum heiminum... hlýtur að verða eftirsótt. Margir ferðamenn eiga einmitt þann draum að koma á stað sem fáir aðrir hafa séð... og er ekki til annars staðar í heiminum. Það segir sig sjálft.

**5. Rekstrarumhverfi, bls. 5.** Margt, sem þarna kemur fram, er mjög jákvætt, en aðeins ef það verður svo í reynd. Ég tel t.d. til batnaðar ef Ferðamálaráð og þau störf, sem þar eru unnin, verði sýnilegri öðrum þeim sem vinna í ferðapjónustu, bæði atvinnurekendum og launafólki. Áður fyrr áttu fleiri starfsgreinar í ferðapjónustu fulltrúa í Ferðamálaráði en nú er. Ég tel að fleiri sjónarmið og hugmyndir geti komið þar fram ef fleiri starfsgreinar eiga þar

fulltrúa og/eða koma þar að stefnumótun og ákvarðanatöku. Á það ekki síst við um þá sem eru í nánnum tengslum við sjálfa ferðamennina og þekkja óskir þeirra og skoðanir frá fyrstu hendi. Sjá einnig= Kynningarmál, bls. 5

**6. Fjölpjódasamstarf** (bls. 7). Markmið= Að viðhalda og auka aðgang að upplýsingum um ferðamál o.s.frv. Ég fæ stundum beiðnir frá erlendum nemendum í erlendum ferðamála-skólum um aðstoð við að nálgast upplýsingar á erlendum tungumálum (oftast ensku) um íslenska ferðapjónustu á Netinu. Oftast er um að ræða nemendur sem eru að skrifa ritgerðir s.s. um þróun íslenskrar ferðapjónustu, tegundir ferða, verð, gistimöguleika o.fl.. Oft eiga þessir nemendur að gera samanburð milli síns heimalands og svo Íslands og jafnvel fleiri landa m.a. með tilliti til vaxandi fjölda ferðamanna til Íslands. Það virðist mjög erfitt að finna slíkar upplýsingar.... erfiðara en áður. Það ætti þó að vera auðveldara með tilkomu Netsins, en ef til vill eru þær dreifðari og ekki alltaf á ensku. Af reynslu veit ég að margir íslenskir leiðsögumenn fá einmitt oft spurningar um stöðu og þróun íslenskrar ferðapjónustu. Aðeins vinsamleg ábending.

**7. Gæða- og öryggismál** (bls. 7, neðst). Markmið.. að þjónusta á Íslandi uppfylli eða sé umfram væntingar ferðamanna. Sammála. Það var einmitt það, sem ég reyndi alltaf að hafa að leiðarljósi og sem markmið í minni vinnu í Leiðsöguskóla Íslands m.ö.o. að íslensk ferðapjónusta gæti státað af jafn góðum leiðsögumönnum og önnur ferðamannalönd ... og helst betri. En einhvern veginn finnst mér það ekki hafa hafa komist til skila, þ.e. hugsjónin... og kennslan sjálf ekki komið að notum. Þess vegna lýsi ég yfir ánægju minni með þessa þingsályktunartillögu og að hún skuli eiga að miða að því.... "að menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála".

Með kveðju.

Birna G. Bjarnleifsdóttir.  
17.4.2005.



# Byggðastofnun

## Þróunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1430  
komudagur 20.4.2005

Dagsetning 19. apríl 2005

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006-2015.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Þingsályktunin er í samræmi við tillögur um uppbyggingu ferðapjónustu í dreifbýli í núgildandi byggðaáætlun sem og við tillögur í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009 sem Byggðastofnun vinnur nú að. Ferðapjónusta er afar mikilvæg fyrir landsbyggðina þar sem hún byggir í meginatriðum á notkun á staðbundinna aðfanga þ.e. náttúru sem ekki er hægt að flytja úr stað.

Byggðastofnun telur mikilvægt að til staðar sé gagnamiðstöð sem veitir svæðisbundnar upplýsingar um atvinnugreinina.

Byggðastofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að gæta samræmis í allri kynningu á landinu í heild en jafnframt að beina markaðssetningu að héruðum sem síður hafa notið athygli ferðamanna og að lengingu ferðatímabilsins í þeim tilgangi að bæta nýtingu fjárfestinga í greininni sem styrkir búsetu á landsbyggðinni.

Þjóðhagslegur ábati við hvern gest er afar mismunandi efti því hvar hann kemur og hvar hann dvelur því er afar mikilvægt að samræma aðgerðir um aukna arðsemi í atvinnugreininni og byggðastefnu. Mikilvægt er að jafna álagið á land og þjóð. Rúmlega 300 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins árið 2004 auk þess sem tugir Íslendinga ferðast um eigið land á ári hverju. Þrátt fyrir að fjöldinn sé við fyrstu sýn ekki yfirþyrmandi er íslensk náttúra og samfélag þannig gert að full ástæða er til að vera á varðbergi því meginferðamannatímabilið er stutt og mikill fjöldi heimsækir fáa staði á stuttum tíma og veldur það álagi á umhverfi og samfélag.

Byggðastofnun framkvæmdi árið 2003 könnun á rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva. Í skýrslunni kemur m.a. fram mikilvægi þess að hið opinbera samræmi upplýsingamiðlun og þjónustu upplýsingamiðstöðva á landinu.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678 mál, heildartillaga 2006-2015.

Yfirþingarfyllst

Sigfíður Elín Þórðardóttir

Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1507  
komudagur 22.4.2005

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)


Akureyri 22. apríl 2005


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006 – 2015.  
Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur jákvætt að mörkuð sé með formlegum hætti stefna í ferðamálum sem samþykkt sé á Alþingi. Stjórnin telur það eðlilega áherslu að náttúru Íslands sé gert hátt undir höfði. Það er í samræmi við niðurstöður þeirra kannana sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna um þá þætti sem hafa áhrif á ákvarðanir um Íslandsferð. Nýting á náttúru Íslands vegna ferðaþjónustu verður þó að vera í sátt við aðrar atvinnugreinar sem nýta íslenska náttúru. Þá telur stjórnin það sérstaklega jákvætt markmið að álaginu vegna ferðaþjónustunnar verði jafnað sem mest í tíma og um landið.  
Stjórn Eyþings mælir því með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1639  
komudagur 26.4.2005

Reykjavík 26. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktun um ferðamál.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundi ráðsins í dag.

Með þessari áætlun er lagður grunnur að því að uppbygging í ferðaþjónustu verði á forsendum greinarinnar og henni verði sköpuð skilyrði til frekari vaxtar og arðsemi.

Ferðamálaráð fagnar því nýmæli að hér hafi verið lögð fyrir Alþingi áætlun til næstu ára um aðgerðir stjórnvalda í þessari atvinnugrein. Þar sem slík áætlun fyrir ferðaþjónustu er nú unnin í fyrsta sinn er ástæða til að yfirlit yfir verkefni og aðgerðir séu skýr.

Með samþykkt slíkrar tillögu væri fyrirtækjum, sveitarfélögum og öðrum sem að ferðaþjónustu koma ljósar aðgerðir og stefna stjórnvalda til lengri tíma, en nú er sem auðveldar öll áform um uppbyggingu og rekstur.

Ráðið leggur áherslu á að þær aðgerðir sem hafa verið kynntar í undirgögnum sem eru skýrslur um heilsutengda ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu, auðlindina Ísland og framtíð ferðaþjónustunnar.

Þær eru fylgiskjöl tillögunnar og eiga að móta ákvarðanatöku í fjárveitingum. Á sama hátt telur ráðið mikilvægt að við kynningar- og markaðsmál verði áfram unnið að enn frekari styrkingu lágannar og dreifingar ferðamanna. Lágönn ætti að vera skýr megináhersla stjórnvalda í stuðningi og markaðsstarfi í ferðaþjónustu.

Ljóst er að sú stefna stjórnvalda og aðgerðir í þá veru hafi skilað árangri.

Því er æskilegt að fjármunir til markaðssetningar og ferðaþjónustu geti haldist í hendur við breytilegar þarfir greinarinnar.

Þá hefur komið skýrt fram að undanförunu hve aukin vinna og fjármagn að innlendri kynningu hefur skilað miklum árangri. Í aðgerðaráætlun til næstu ára verður að tryggja áframhaldandi aðgerðir er beinast að innlenda markaðanum enda þýðing hans mikil ekki síst fyrir landsbyggðina.

Ferðamálaráð undirstrikar mikilvægi óhlutdrægra upplýsingamiðstöðva.

Ráðið leggur til að bætt verði inn nýju áhersluatriði í flokknum kynningarmál þar sem sérstaklega verði vísað til hvataferða og ráðstefnutengdrar ferðaþjónustu.

Sú áætlun sem hér um ræðir er í eðli sínu almenns eðlis og tekur því ekki á sérstökum þáttum sem snerta kunna einstök landssvæði eða þætti ferðaþjónustunnar.

Slík mál þurfa á hinn bóginn að vera í sífelldri athugun og leggur ráðið áherslu á að til þeirra þátta sé tekið tillit við framkvæmd áætlunarinnar.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands



Einar Kr. Guðfinnsson  
formaður



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1407*  
*komudagur 19.4.2005*

Reykjavík, 15. apríl 2005.

Til samgöngunefndar Alþingis,  
B.t. Guðmundar Hallvarðssonar, formanns.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál.

(Ferðamálaáætlun 2006-2015)

Umrædd ferðamálaáætlun hefur verið rædd innan Ferðamálasamtaka Íslands nokkuð ítarlega frá upphafi verksins og fimm fulltrúar stjórnar samtakanna unnu einnig að gerð hennar á sérstökum vettvangi hagsmunaaðila, sem var stýrihópi ráðherra til ráðgjafar við vinnslu áætlunarinnar.

Það er almenn skoðun ferðapjónustuaðila innan Ferðamálasamtaka Íslands, að umrædd áætlun og sú þingsályktun, sem hér er til umsagnar, séu bæði til hagsbóta atvinnugreininni og framþróunar. Sú aðferðafræði ráðherra að leggja áætlunina fyrir hið háa Alþingi í formi þingsályktunar er talin mjög eðlileg.

Það sem einna helst vantar inn í þingsályktunina, sem umsögn okkar fjallar um, er hvaða kostnaður felist í markmiðunum fyrir hið opinbera og ekki síður hver sé beinn ábyrgðaaðili hvers markmiðs hennar en það kemur meira og minna fram í skýrslu stýrihóps ráðherra.

Við leggjum til að þingsályktunartillaga um ferðamál verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálasamtaka Íslands

Pétur Rafnsson, formaður



Blönduósi 19. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1408*  
*komudagur 19.4.2005*

*Stefán Árni Auðólfsson samgöngunefnd.*

Ágæti viðtakandi

Undirrituðum hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006 – 2015.

Umsagnaraðili gerir ekki athugasemdir við tillöguna að svo stöddu.

---

Haukur Suska –Garðarsson  
Formaður Félags ferðamálafultrúa á Íslandi.  
Þverbraut 1, 540 Blönduós  
S: 455 4300 og 891 7863  
[haukur@anv.is](mailto:haukur@anv.is)

---



Félag leiðsögumanna  
Mörkinni 6  
108 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1462

komudagur 22.4.2005

[www.touristguide.is](http://www.touristguide.is)

info@touristguide.is

Skrifstofutími:

Mánud. og þriðjud. kl. 16 - 18

Fimmtud. og föstud. kl. 14 - 16

Lokað á miðvikudögum.


## Frá Félagi leiðsögumanna.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál.

Félag leiðsögumanna á Íslandi fagnar tillögum um ferðamál sem eru góðar að flestu leyti. Tillagan tekur á mörgum sviðum ferðamála engu að síður er samt ennþá margt óljóst. Það stingur þó helst í augu að hvergi í tillögunni er minnst á leiðsögumenn sem gegna lykilhlutverki í móttöku ferðamanna.

Virðingarfyllt

f.h. Félags leiðsögumanna,

  
Ásta Óla Halldórsdóttir, formaður.

Landinu virðing – lífinu hlýja

# Tillaga til þingsályktunar um ferðamál

Meginmarkmið í ferðamálum 2006-2015

Þskj. 1032 – 678. mál

Apríl 2005

## Til athugunar

1. Fagmennska. Það er ánægjulegt að lesa hversu oft er tekið fram að nú eigi að leggja áherslu á fagmennsku við þróun íslenskra ferðamála.

Sjá aðaltexta, gr. 1.

Kynningarmál, gr. 1.

Menntun, gr. 3. Bls. 4, lína 16 og 23 að ofan. Gæða og öryggismál/markmið.

Við skiljum það sem svo að nú eigi t.d. að meta þær áherslur sem hafa verið efst á blaði í 26 ár í leiðsögukennslu í Leiðsöguskóla Íslands. Vonandi er sá skilningur réttur. Vekja þarf athygli á mikilvægi leiðsögustarfs í landkynningu almennt. Leiðsaga ferðafólks í heimalandinu er ákveðin og mikilvæg landkynning þótt hún nái ekki augum ferðamanna í formi heilsíðu auglýsinga í lit eða sem prentaðir í litbæklingar.

2. Menntun (bls. 2). Greinar 2 og 3. Góðar ef af verður í reynd. Þó ber að athuga að ekki er hægt að treysta á að sá grunnur sem nemandi hefur fengið í framhaldsskóla sé nægjanlegur til að afgreiða ferðamenn eða leiðbeina þeim á erlendum tungumálum. Hér vantar allt um löggilt leiðsögunám.

Við teljum nauðsynlegt að bæta við hér undir nýjum lið númer 5

5. Tryggt verði leiðsögunám sem sérhæft nám á háskólastigi.

Nauðsynlegt til að viðhalda gæðastigi leiðsagnar eins háu og það er í dag.

Bls 8 Dregið verði úr misræmi námskostnaðar í "réttindanámi" Ekki er ljóst hvað er átt við hér. Er átt við leiðsögunám?

3. Grunngerð bls 2-3. Merkingar í samgöngukerfinu. Það er í sjálfu sér ekkert að því að bæta merkingar á erlendum tungumálum en víða annars staðar í Evrópu þá er látið nægja að hafa grunnmerkingar á öðrum málum. Það er spurning hvort við eigum markvisst að tapa okkar sérkennum bæði er það tímfrekt og kostnaðarsamt.

4 Gæða- og öryggismál. Gr. 1= Við skiljum þetta þannig að aðeins faglærðir leiðsögumenn fái "rekstrar"-leyfi (starfsleyfi).

Hér viljum við bæta við hér nýjum lið 6

6. Tryggt verði að ferðahópar fái ávallt auðkennda fagmenntaða leiðsögumenn.

Rökstuðningur : Eins og flokkun og merking hótela og fólksflutningatækja ætti að sérmerkja fagmenntaða leiðsögumenn með skráðu gæðamerki.

5.Rekstrarumhverfi, bls. 6 = Leiðir, grein um að vinna eigi markvisst gegn leyfislausri starfsemi... Því erum við sammála, en það vantar viðurlög eða sektir á þau fyrirtæki sem sannanlega hafa starfsmenn á sínum vegum sem uppfylla ekki 110 gr. reglugerðar um atvinnu EES borgarar eða þeir hafa atvinnuleyfi.

6. Kynningarmál, bls. 5= Grein 6.. Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni o.s.frv. Mjög gott ef af verður. Það hefur vantað hingað til, sérstaklega hvað snertir leiðsögumenn.

7. Fjölpjódðasamstarf (bls. 7). Markmið= Að viðhalda og auka aðgang að upplýsingum um ferðamál o.s.frv. Stundum koma beiðnir frá erlendum nemendum í ferðamálanámi um hvar sé hægt að finna upplýsingar um íslenska ferðapjónustu á Netinu ...aðallega á ensku. Það virðist mjög erfitt að finna slíkar upplýsingar.

8. Gæða- og öryggismál (bls. 7, neðst).. Markmið.. að þjónusta á Íslandi uppfylli eða sé umfram væntingar ferðamanna. Sammála. Við viljum að sé haft að leiðarljósi og markmiði að íslensk ferðapjónusta gæti státað af jafn góðum leiðsögumönnum og önnur ferðamannalönd ... og helst betri. Eins og flokkun og merking hótela og fólksflutningatækja ætti að sérmerkja fagmenntaða leiðsögumenn m eð skráðu gæðamerki.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1685  
komudagur 28.4.2005



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

Reykjavíkurlflugvöllur  
101 Reykjavík  
Sími 569 4100 · Fax 562 3619  
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll  
Hr. Stefán Árni Auðólfsson  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor

Dags.

2005040013

14. apríl 2005

Bréfalykill:

5.1.2

**Efni: Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006 - 2015.**

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. apríl sl. varðandi tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.

Flugmálastjórn óskar eftir því að koma á framfæri ánægju með að gerð hafi verið heildartillaga um meginmarkmið í ferðamálum fyrir tímabilið 2006 - 2015. Athygli vekur að í megintexta tillögunnar er ekki fjallað um mikilvægi farþegaflugs til m.a. að dreifa álagi á ferðamannastaði, eins og kemur fram í tillögunni. Ljóst má vera að það er mikið hagsmunamál ferðapjónustunnar að flugsamgöngur séu góðar innanlands sem og milli landa.

Með kveðju

Þorgeir Pálsson  
flugmálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1645  
komudagur 27.4.2005



LANDVERND

**Samgöngunefnd Alþingis**  
Bt. Stefáns Árna Auðólfssonar  
Alþingi  
150 Reykjavík

27. apríl 2005

Efni:

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál (mál 678)**


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 7. apríl s.l.

Stjórn Landverndar lýst afar vel á framangreinda þingsályktunartillögu. Það er verðugt markmið og eftirsóknarvert hlutskipti að Ísland verði forystu í umhverfissvænni ferðaþjónustu. Þingsályktunartillaga er enn ein staðfestin á því að óspillt náttúra landsins og fagurt landslag eru mikilvæg auðlind og því er ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu mikil. Landvernd vinnur að þeim markmiðum sem koma fram í tillögunni.

Málið var tekið fyrir á aðalfundi Landverndar 23. apríl s.l. sem samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Landverndar fagnar vandaðri ferðamálaáætlun, til næstu 10 ára, sem samgönguráðherra hefur nýverið látið gera og lagt fyrir Alþingi. Einkum vill fundurinn fagna þeirri áherslu í áætluninni sem lögð er á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku og að stefnt verði að því að Ísland verði í forustu í umhverfissvænni ferðaþjónustu.

Atvinnugreinin hefur vaxið hratt og hefur það leitt í ljós að íslensk náttúra er okkur ekki minni auðlind og orkuver á sviði ferðamála en öðrum. Í áætluninni eru færð rök fyrir því að áframhaldandi vöxtur í ferðaþjónustu verði að byggjast á forsendum sjálfbærrar þróunar og að það kalli á að hagsmunaaðilar temji sér fagmennsku í hlutverki gestgjafans. Aðalfundur Landverndar tekur heilshugar undir þessi rök og hvetur alla alþingismenn til að tryggja áætluninni brautargengi.”

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar  
  
Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

## **Aðalfundur Landverndar**

**23. apríl 2005**

### **Ályktun vegna ferðamálaáætlunar**

Aðalfundur Landverndar fagnar vandaðri ferðamálaáætlun, til næstu 10 ára, sem samgönguráðherra hefur nýverið látið gera og lagt fyrir Alþingi. Einkum vill fundurinn fagna þeirri áherslu í áætluninni sem lögð er á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku og að stefnt verði að því að Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.

Atvinnugreinin hefur vaxið hratt og hefur það leitt í ljós að íslensk náttúra er okkur ekki minni auðlind og orkuver á sviði ferðamála en öðrum. Í áætluninni eru færð rök fyrir því að áframhaldandi vöxtur í ferðaþjónustu verði að byggjast á forsendum sjálfbærrar þróunar og að það kalli á að hagsmunaaðilar temji sér fagmennsku í hlutverki gestgjafans. Aðalfundur Landverndar tekur heilshugar undir þessi rök og hvetur alla alþingismenn til að tryggja áætluninni brautargengi [...svo að þess sjáist fljótt stað í bættri umhverfismenningu (-vitund) þjóðarinnar].

#### **Greinargerð**

Í skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu, sem áætlunin byggir á, segir:

“Fjölgun ferðamanna hefur verið mikil og farið vernulega fram úr áætlunum. Undirstaða landkynningarstarfs hefur verið náttúra landsins og áhersla hefur verið lögð á hreinleika íslensks umhverfis og víðerni landsins.

Ljóst er að það hefur áhrif á möguleika Íslendinga til að kynna landið, einkum á forsendum náttúrunnar, ef hér verður á komandi árum jafn hraður vöxtur í greininni og verið hefur undanfarin ár.

Aukin áhersla á menningarkynningu er vel fallin til að laga íslenska ferðaþjónustu að aðstæðum, sem hraður vöxtur í greininni mun skapa á komandi árum.”

Í sömu skýrslu segir á öðrum stað:

“Íslensk nútímamenning er í mikilli deiglu. [...] mikilvægt er að virða þessa deiglu og kynna íslenska nútímamenningu eins og hún er. Afar mikilvægt er að halda mótsögnum til haga, þar sem þær eru þáttur í fari þjóðarinnar. [...] Framtakssemi einstaklinga á sviði menningarmála er mikil og brýnt að ferðaþjónustan virki þann áhuga.”

---





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN

FERÐAMÁLASKÓLINN

LEIÐSÖGUSKÓLINN

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1409  
komudagur 19. 4. 2005

Kópavogur 19. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, mál 678.**

Menntaskólinn í Kópavogi hefur tekið til umfjöllunar þingsályktun um ferðamál. Við fögnum umfjöllun samgöngunefndar um menntun í ferðamálum. Í umfjöllun okkar um tillögu samgöngunefndar Alþingis um ferðamál höfum við einkum skoðað kafla um menntun á bls. 2 og 8. Viljum við lýsa yfir ánægju okkar með þá stefnu nefndarinnar að koma í veg fyrir skörun í námi í ferðamálum milli háskóla og framhalds- og sérskóla. Að okkar mati hafa framhalds- og sérskólar það hlutverk að sjá um starfstengt nám en háskólar um hið akademíska nám. Með því að halda þessu skýrt aðgreindu er hægt að koma í veg fyrir óþarfa skörun og að námið frá framhaldsskóla yfir á háskólastig sé í eðlilegri samfellu.

Helgi Kristjánsson


Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Anna Vilborg Einarsdóttir

Fagstjóri Leiðsöguskólans

Helene H. Pedersen

Fagstjóri Ferðamálaskólans



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1510*  
*komudagur 22.4.2005*

Samgöngunefnd Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson  
Nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. apríl 2005  
2005040018/42-0  
SB/rsb

### Umsögn um þingsályktunartillögu um ferðamál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 7. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006-2015.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri





*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1431*  
*komudagur 20.4.2005*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd  
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. apríl 2005

0504161SA ÞS/sp  
Tilv.: 317

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



## Umsögn

Málsnr.: 0504161SA

Dags.: 12. apríl 2005

### Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um ferðamál

Tilv.: 317

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. apríl sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál 131. löggjafarþings.

Sambandið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við tillöguna í heild sinni. Hins vegar gerir sambandið athugasemdir við orðalag 4. töluliðar í kaflanum „**rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar**“ í tillögunni. Þar er orðað það markmið í rekstri ferðapjónustunnar að opinberir aðilar stundi ekki atvinnustarfsemi í samkeppni við einkarekin ferðapjónustufyrirtæki.


Sambandinu er ljóst að sveitarfélögum er ekki heimilt að nota opinbert fé til að greiða niður rekstur í samkeppni við einkaaðila, eða að raska samkeppnisstöðu einkaaðila á markaði með öðrum hætti. Á það sama við í ferðapjónustunni og öðrum atvinnugreinum hér á landi. Hins vegar vill sambandið benda á að svo fortakslaust orðalag sem hér er sett fram kann að gefa tilefni til ályktana um að stefna eigi að því að sveitarfélögin, sem og aðrir opinberir aðilar, hætti að styðja við uppbyggingu ferðapjónustu, t.d. með stuðningi við söfn, uppbyggingu tjaldsvæða eða gistiaðstöðu þar sem slík aðstað er ekki fyrir hendi, rekstur á upplýsingamiðstöðvum o.s.frv. Misjafnt er með hverjum hætti sveitarfélögin styðja við uppbyggingu ferðapjónustu og í sumum tilfellum felst stuðningurinn í því að stofnuð eru fyrirtæki, t.d. í samvinnu við einkaaðila, til slíkrar uppbyggingar. Í þeim tilvikum er þess gætt að brjóta ekki gegn ákvæðum eða markmiðum samkeppnislaga, en nefnt markmið, eins og það er orðað í umræddri tillögu, gengur í raun lengra heldur en kveðið er á um í samkeppnislögum.

Með vísan til framangreinds er lagt til að 4. tölulið í kaflanum „**rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar**“ verði breytt og hann hljóði svo: *Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinna ferðapjónustufyrirtækja.*

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason,  
framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 131/1676**  
**komudagur 27.4.2005**



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA**  
**Á SUÐURNESJUM**  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

*Suðurnesjum 25. apríl 2005.*

*Nefndasvið Alþingis*  
*Samgöngunefnd*  
*Austurstræti 8-10*  
*150 REYKJAVÍK.*

***Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.***


*Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 22. apríl s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 7. apríl 2005 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillaga 2006-2015*

*Eftirfarandi var fært til bókar.*

*“Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.”*

*Þetta tilkynnist hér með.*

*Virðingarfyllt,*

  
*Guðjón Guðmundsson framkv.stj.*

**Samtök ferðaþjónustunnar**

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1375*  
*komudagur 19.4.2005*



Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og leggja til að hún verði samþykkt.

Framkvæmdastjóri SAF átti sæti í stýrihóp, sem samdi skýrslu um ferðamálaáætlun þ.m.t. tillögu til þingsályktunar um ferðamál auk þess sem fleiri úr forystu SAF áttu sæti í bakhóp í þessari vinnu. Það er því óþarfi að fjölyrða um innihald tillögunnar en við leggjum áherslu á mikilvægi þess að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri



SIGLINGASTOFNUN

*Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1291  
komudagur 14.4.2005*

Alþingi  
Samgöngunefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 13.04.2005  
Tilv. 023  
HJ

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamál.**

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 7. apríl sl., þar sem ofanefnd tillaga til þingsályktunar er send til umsagnar Siglingastofnunar. Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögunnar.

F. h. Siglingastofnun Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131 / 376  
komudagur 19.4 / 2005



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl. 2005

**Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál lögð fyrir á 131. löggjafarþingi 2004-2005.**


Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur borist til umsagnar erindi Samgöngunefndar Alþingis vegna ofangreindrar tillögu.

Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur ríka áherslu á að skilgreindar séu betur leiðir til að ná fram markmiðum í Gæða-og öryggismálum. Þar viljum leggja sérstaka áherslu á upplýsingaveitur um aðstæður hér á landi. Bæði þætti sem snúa að veðurfari og aðstæðum og umbúnaði á hálendi Íslands.

Björgunarsveitir félagsins hafa síðustu árum þurft að bregðast oftast við vegna slysa og óhappa á hálendinu. Það er trú okkar að aðgangur að upplýsingum um þessa þætti sér fyrst og fremst það sem dregið getur úr slysum og óhöppum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er í auknu mæli að einbeita kröftum sínum í slysavörnum á hálendinu og telur nauðsynlegt að tekið sé á gæða-og öryggismálum með samræmdum hætti.

Virðingarfyllst,  
f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jón Gunnarsson,  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2005  
Tilvísun: 2005040025/90.12; lagafrumvörp; reglur  
SE/BH  
07.04.2005

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.**

Með bréfi dags. 07.04. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál, heildartillögu 2006-2015.

Tillagan er samin af stýrihóp um ferðamál sem í áttu sæti fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem koma að ferðaþjónustu. Fjallað er um nokkra meginþætti sem eru rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar, kynningarmál, nýsköpun og þróun, menntun, rannsóknir, grunngerð, fjölþjóðasamstarf, gæða- og öryggismál og umhverfismál.


Einn þáttur í rekstrarumhverfi ferðaþjónustu er að vinna gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum. Ennfremur að lágmarka eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum og það einfaldað með sameiningu eftir því sem unnt er. Vafalaust er rétt að einfalda mætti leyfisveitingar t.d. með því að sami aðili, t.d. sveitarfélög eða sérstök stofnun annaðist eftirlit og leyfisveitingar til fólksflutningafyrirtækja og til leiguaksturs jafnframt veitingu annarra leyfa sem nauðsynleg kunna að vera í tengslum við ferðaþjónustu. Hins vegar má ætla að ekki fari saman þau markmið að lágmarka eftirlit og leyfisveitingar annars vegar og draga úr skattsvikum og leyfislausri starfsemi hins vegar.

Í 4. lið tillagna er lúta að grunnþáttum er snerta ferðaþjónustu er lagt til að merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og verði á erlendum tungumálum auk íslensku. Taka má undir að ávallt má bæta merkingar, þ.á.m. merkingar á þjóðvegakerfinu. Hins vegar verður ekki fallist á að umferðarmerkingar eigi að vera á erlendum tungumálum. Að mati Vegagerðarinnar ber að stefna að því að umferðarmerki séu þannig úr garði gerð að erlendir ferðamenn skilji þau. Því markmiði verður best náð með því að fylgja alþjóðlegum stöðlum um gerð merkja.

Taka má undir þá tillögu sem fram kemur undir liðnum gæða og öryggismál í tillögunni, að tryggja aðgengileika og áreiðanleika upplýsinga um veður og ástand vega. Að því markmiði vinnur Vegagerðin m.a. með heimasíðu og með uppsetningu mælitækja á vegakerfinu.

Af hálfu Vegagerðarinnar eru ekki gerðar frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að þingsályktun um ferðamál.

Virðingarfyllt,



Jón Rognvaldsson,  
vegamálastjóri